

Landhelgissjóður Íslands

06 396

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---------------------------------------|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Landhelgissjóður Íslands
kt. 710169-5869
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Meginstarfsemi Landhelgissjóð Íslands er að halda utan um sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfnum sem rennur til sjóðsins og hlut Landhelgisgæslu Íslands af björgunarlaunum. Fé úr Landhelgissjóði skal varið til að fjármagna kaup eða leigu á skipum, loftförum eða öðrum tækjum til að sinna verkefnum Landhelgisgæslu Íslands.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 3,0 milljónir og afkoma kr. -1,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -83,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 22,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráaukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landhelgissjóður Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landhelgissjóður Íslands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Pétur U. Fenger
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|--------------------------------------------------------------|------|--------------------|---------------------|
| Tekjur | | | |
| Framlög og ýmsar tekjur | 3 | 3.047.512 | 10.894.917 |
| Tekjur samtals | | <u>3.047.512</u> | <u>10.894.917</u> |
| Gjöld | | | |
| Framlög og tilfærslur | 4 | 5.000.000 | 86.000.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | (139.594) | 6.834.851 |
| Gjöld samtals | | <u>4.860.406</u> | <u>92.834.851</u> |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | (1.812.894) | (81.939.934) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 554.856 | 104.979 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (108) | 0 |
| | | <u>554.748</u> | <u>104.979</u> |
| Afkoma ársins | | <u>(1.258.146)</u> | <u>(81.834.955)</u> |
| Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum | | | |
| Rekstur | 2 | (14.758.146) | (14.334.955) |
| Rekstrartilfærslur | | (5.000.000) | 0 |
| Fjármagnstilfærslur | | 18.500.000 | (67.500.000) |
| | | <u>(1.258.146)</u> | <u>(81.834.955)</u> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|-------------------------------------------------|------|--------------------------|--------------------------|
| Eignir | | | |
| Veltufjármunir | | | |
| Handbært fé | | 22.060.634 | 23.580.334 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>22.060.634</u> | <u>23.580.334</u> |
| Eignir samtals | | <u><u>22.060.634</u></u> | <u><u>23.580.334</u></u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 7 | | |
| Hrein eign | | (83.093.101) | (81.834.955) |
| Eigið fé samtals | | <u>(83.093.101)</u> | <u>(81.834.955)</u> |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 6 | 95.818.914 | 95.088.006 |
| Viðskiptaskuldir | | 0 | 992.462 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 8 | 9.334.821 | 9.334.821 |
| Skuldir samtals | | <u>105.153.735</u> | <u>105.415.289</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u><u>22.060.634</u></u> | <u><u>23.580.334</u></u> |
| Aðrar upplýsingar | 9 | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|----------------------------------------|--------------------------------|--------------------|------------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (1.258.146) | (81.834.955) |
| | | <u>(1.258.146)</u> | <u>(81.834.955)</u> |
| Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna: | | | |
| Tengdir aðilar | | 730.908 | 2.474.033.846 |
| Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (992.462) | 992.462 |
| | | <u>(261.554)</u> | <u>2.475.026.308</u> |
| | Handbært fé frá rekstri | <u>(1.519.700)</u> | <u>2.393.191.353</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Tengdir aðilar | | 0 | (491.549.373) |
| Fjárfestingarframlag | | 0 | (1.890.665.179) |
| | | <u>0</u> | <u>(2.382.214.552)</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | (1.519.700) | 10.976.801 |
| | | <u>23.580.334</u> | <u>12.603.533</u> |
| | Handbært fé í árslok | <u>22.060.634</u> | <u>23.580.334</u> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppseggjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppeggjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

| | Rekstur | Rekstrar- tilfærslur | Fjármagns- tilfærslur | Samtals |
|------------------------------------------------------------------------|---------------------|-------------------------|--------------------------|--------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | (18.500.000) | 0 | 18.500.000 | 0 |
| Fjárveiting til tekna | (18.500.000) | 0 | 18.500.000 | 0 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | 3.741.854 | (5.000.000) | 0 | (1.258.146) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (14.758.146) | (5.000.000) | 18.500.000 | (1.258.146) |

3 Framlög og ýmsar tekjur

| | | | |
|--------------------|--|------------------|-------------------|
| Ýmsar tekjur | | 3.047.512 | 10.894.917 |
| | | <u>3.047.512</u> | <u>10.894.917</u> |

4 Framlög og tilfærslur

| | | | |
|---------------------------------------------------|--|------------------|-------------------|
| Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | | 5.000.000 | 0 |
| Fjármagnstilfærslur aðrir | | 0 | 86.000.000 |
| | | <u>5.000.000</u> | <u>86.000.000</u> |

5 Annar rekstrarkostnaður

| | | | |
|--------------------------------------------------------------|--|------------------|------------------|
| Sérfræðipjónusta | | (261.662) | 992.462 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | | 0 | 4.000 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta | | <u>(261.662)</u> | <u>996.462</u> |
| Kostnaðarhlutdeild | | 0 | 5.815.294 |
| Opinber gjöld | | 122.068 | 23.095 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | | <u>122.068</u> | <u>5.838.389</u> |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | | <u>(139.594)</u> | <u>6.834.851</u> |

31.12.2022 31.12.2021

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Skuldir við tengda aðila:

| | | |
|---------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 95.216.026 | 95.088.006 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 602.888 | 0 |
| | <u>95.818.914</u> | <u>95.088.006</u> |

Skýringar

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|---------------------|
| Hrein eign | | |
| Jöfnuður 1.1. | (81.834.955) | (61.959.630) |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 0 | 61.959.630 |
| Afkoma ársins | (1.258.146) | (81.834.955) |
| Jöfnuður 31.12. | <u>(83.093.101)</u> | <u>(81.834.955)</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

8 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

| | | |
|-------------------------------------------|------------------|------------------|
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 9.334.821 | 9.334.821 |
| | <u>9.334.821</u> | <u>9.334.821</u> |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|------------------------|-------------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Staða 01.01.2022 | 0 | 9.334.821 | 9.334.821 |
| | <u>0</u> | <u>9.334.821</u> | <u>9.334.821</u> |

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá stofnuninni.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.